



Fréttatilkynning frá Íþróttabandalagi Reykjavíkur

Fyrri keppnishelgi Reykjavíkurlaikana lauk með mikilli hátíð í Laugardalshöll þar sem hópur íþróttafólks og Sirkus Ísland var með glæsilega sýningu. Þá flutti hljómsveit hússins og söngkonan Unnur Birna Björnsdóttir einnig lag leikanna, What we are. Sóley Tómasdóttir, forseti borgarstjórnar, ávarpaði gesti fyrir hönd Reykjavíkurborgar og afhendi besta íþróttafólkinu í hverri grein viðurkenningu ásamt Ingvari Sverrissyni formanni Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Þessi voru best/stigahæst í hverri íþróttagrein:

Bogfimi

Guðjón Einarsson, Ísland og Kelea Quinn, Kanada

Frjálsar íþróttir

Robert Williams Gracewill, Bandaríkjunum og Aníta Hinriksdóttir, Ísland

Badminton unglunga

Davíð Bjarni Björnsson, Ísland og Arna Karen Jóhannsdóttir, Ísland

Listhlaup á skautum

Wayne Wing Yin Chung, Hong Kong og Camilla Gjersem, Noregur

Íslensk Glíma

Ásmundur Hálfván Ásmundsson, Ísland og Marín Laufey Davíðsdóttir, Ísland

Júdó

Franck Vernez, Frakkland og Viard Gwanaelle, Frakkland

Skotfimi

Ásgeir Sigurgeirsson, Ísland og Jórunn Harðardóttir, Ísland

Sund

Viktor B Bromer, Danmörk og Mie Østergaard Nielsen, Danmörk

Skvass

Matthieu Huin, Frakkland

Næst á dagskrá Reykjavíkurlaikanna er cyclocross hjóltreðakeppni sem fram fer í Reiðhöllinni í Víðidal á þriðjudagskvöld. Á fimmtudag hefst svo keppni í badminton og keilu en um næstu helgi verður als keppt í 12 íþróttagreinum. Dagskrá og nánari upplýsingar er þægilegt að skoða á m.rig.is.